

Morgunþrek í Reykjahlið.

Morguntímar hefjast mánudaginn 24. júní og verða á milli kl. 6:30 og 7:30 á morgnana, 3 svar í viku (mán., þrið. og fim.) á grasvellinum fyrir utan íþróttahúsið. 4 vikur – 10.000 kr. (frír prufutími)

Skráning á johannamb92@gmail.com eða í síma 866 8407.

Þjálfari er Jóhanna Marín Björnsdóttir, starfsmaður í íþróttahúsi Skútustaðahrepps, einkaþjálfari og nemi í íþrotta- og heilsufræði við HÍ.

Nánari upplýsingar verða auglýstar síðar en einnig er hægt að nálgast upplýsingar í gegnum netfangið.

Einnig bið ég upp á fjarþjálfun, áhugasamir hafi endilega samband.



Hamborgarabryjalæði í veðurblíðunni.

Í kvöld, frá kl. 18:00 – 21:00, ætlum við að hafa hamborgarabryjalæði í Kaffi Borgum.

Nýr og bættur Dimmuborgari kemur fram á sjónarsviðið. Hinir ómissandi „Gautinn“, og „Brói frændi“, verða á sínum stað.

Allir hamborgarar á 1.200 kr. og ískaldur stór Vi... á krana á 600 kr.

Sjáumst í sumarskapi
P.s. Barnaborgari og kók á 800 kr.

Minum á opnunartímann hjá okkur frá kl. 9:00 – 22:00 alla daga í sumar.



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

22. tbl. 5. árg. miðvikudaginn 5. júní 2013

Afmælisbörn dagana 6. júní — 12. júní 2013

7. Agla Rögnvaldsdóttir, Kjartan Þ. Sigurðsson, Unnur Þóra Jökulsdóttir.
8. Íris Hrund Stefánsdóttir, Þórunn Einarsdóttir.
9. Arnór Helgi Knútsson, Hjörtur Jón Gylfason, Karl Óskar Hólmgeirsson.
10. Finnur Baldursson, Margrét Hólm Valsdóttir.
11. Gígja E. Sigurbjörnsdóttir, Margrét Hróarsdóttir.

Mýflugan

Mýflugan kemur ekki út miðvikudaginn 19. júní.

Blaðið kemur út aðra daga eins og venjulega.



Feringarguðsþjónusta með altarisgöngu verður í Skútustaðakirkju n.k. laugardag 8. júní klukkan 11:00.

Fermd verða: Friðrik Páll Haraldsson, Grænavatni I og Heiðbjört Einarsdóttir, Sjónarhóli.

Guð er kærleikur (1. Jóh. 4,16)
Kærleikurinn er ávallt skapandi, aldrei eyðandi.
Í honum felst eina von mannsins. (Leo Buscaglia)

Verið velkomin.
Sr. Örnólfur.

Aðalsafnaðarfundur Reykjahlíðarsóknar verður haldinn í Reykjahlíðarkirkju fimmtudaginn 6. júní n.k. kl. 20:00.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.
Kosning nýrrar sóknarnefndar.
Önnur mál.
Sóknarnefndin.

Opnunartími og viðburðadagatal.

Frá og með 8. júní - 31. ágúst verður Mývatnsstofa
opin alla daga frá kl. 7:30 - 21:30.

Þeir sem eru að skipuleggja viðburð og vilja koma honum
á framfæri á viðburðadagatali heimasíðunnar
www.visitmyvatn.is vinsamlega sendið tölvupóst
með upplýsingum og mynd á info@visitmyvatn.is

Sumarkveðjur, starfsfólk Mývatnsstofu ehf.



Til sölu ljósritunarvél með reynslu.

Hjá Skútustaðahreppi er til sölu ljósritunarvél af gerðinni Canon GP
160F. Hún er komin af léttasta skeiði en er í ágætu standi.

Nánari upplýsingar gefur Gísli í síma 464 4163.

Opnun sýningar og málstofa í Safnahúsinu á Húsavík, sunnudaginn 9. júní kl. 11:00

Út eru komin 21. og 22. bindið í ritröðinni Kirkjur Íslands
– friðaðar kirkjur í Þingeyjarprófastsdæmi.

Af því tilefni býður Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands,
Biskupsstofa og Hið íslenska bókmenntafélag til málstofu
og opunar yfirlitssýningar í Safnahúsinu um;
Friðaðar kirkjur í Þingeyjarprófastsdæmi.

1. Þorsteinn Gunnarsson arkitekt og ritstjóri:
Kirkjur Íslands.
2. Hjörleifur Stefánsson arkitekt:
Friðaðar kirkjur í Þingeyjarprófastsdæmi
3. Sverrir Haraldsson kennari og sagnfræðingur:
Nokkrir gripir, fornir og nýir, í níu kirkjum í Þingeyjarprófastsdæmi.
4. Björn Ingólfsson rithöfundur og fræðimaður:
Nokkrir gripir, fornir og nýir, í fimm kirkjum í Þingeyjarprófastsdæmi.



Að erindum loknum mun séra Jón Ármann Gíslason prófastur opna veglega sýningu um
kirkjur, gripi og minningarmörk sem byggir á ritverkinu.
Bókaflokkurinn Kirkjur Íslands (nú 22. bindi) er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi
þar sem horft er á þær frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Í máli og
myndum er fjallað um kirkjurnar sjálfar ásamt kirkjugripum og minningarmörkum. Þetta eru
vandadaðar og glæsilegar bækur sem opna sýn inn í mikilvægan þátt í íslenskri menningarsögu.
Málstofan verður endurtekin á Snartarstöðum kl. 15:00 þá um daginn.



Ruslahreinsun 2013.



Ruslahreinsun verður miðvikudaginn 12. júní og hefst kl. 17.

Búið er að skipta sveitinni milli félaga.

Á hverjum stað er forsvarsmáður félagsins sem skipuleggur hreinsunina. Á eftir bjóða Skútustaðahreppur og Jarðböðin í grillveislu við Jarðböðin kl. 19. Einnig verður frítt í Jarðböðin fyrir ruslatínslufólk.

Skiptingin er eftirfarandi:

Frá Austurlandsvegi í Garð. Auk þess Grjótagjárvegur, Hverfjallsvegur og Dimmuborgarvegur. Umsjón: Landeigendafélag Voga og Slysavarnardeildin. Mæting við Björk.

Frá Garði að Másvatni. Umsjón: Björgunarsveitin og Kiwanis. Mæting við Sel hótél.

Frá Arnarvatni að vegamótum á Öxl. Umsjón: Kvenfélagið. Mæting við Laxárbrú.

Frá flugvallarvegi niður a.m.k. að Sandvatnsbrekku. Umsjón: Landeigendafélag Reykjahlíðar og Grímungar. Mæting við Hótel Reykjahlíð.

Frá flugvallarvegi, Reykjahlíðarþorp og austur a.m.k. að Kröfluafleggjara og helst lengra. Einnig vegurinn að Jarðböðunum. Umsjón: Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag og Golfklúbburinn. Mæting við Dyngjuna.

Telji menn sig ekki tilheyra neinu af ofangreindu félagi, þá mæta þeir á næstu stöð og hjálpa þar til. Þegar hóparnir eru búnir á sínu svæði er æskilegt að ath. hvort aðrir hópar eru búnir og hjálpa til þar, þannig að allir komist í grillið á sama tíma.

Komum og hreinsum okkar fallegu sveit og eigum góða stund saman og munum að margar hendur vinna létt verk.

Húsmæðraskólinn á Laugum

Opið hús og opnun Matthildarstofu laugardaginn 8. júní kl. 13:30 - 16:00.

Opnuð verður minningarstofa um litunarstarf Matthildar Halldórsdóttur frá Garði í Aðaldal.

Heitt á könnunni.

Allir velkomnir.

Kvenfélagasamband Suður Þingeyinga.



Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

- 1/3 síðu auglýsing 2.200 kr. m/vsk.
- 1/2 síðu auglýsing 3.100 kr. m/vsk.
- 1/1 síðu auglýsing 4.000 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



Eldá gistiheimili.

Verðum með opið hús sunnudaginn 9. júní
frá kl. 13:00 - 17:00.

Heitt á könnunni í Holtinu, Helluhrauni 9
og gestum er velkomið að skoða sig um.

Ljósmyndasýning: Landslagsmyndir
eftir svissneska ljósmyndarann Max Schmid.

Einnig sýning á skemmtilegum myndum Kára Jónassonar
úr rúningsgöngum á Austurfjöllum sumarið 1960.

Tónlistarflutningur: Tríó Helga James.

Tríóið skipa: Helgi James Þórarinsson (13 ára) alt saxófónn,
Jakob Stefánsson, bassi og Jón Illugason, gítar.

Allir velkomnir!
Starfsfólk Eldár.

DALAKOFINN

Sumaropnun hófst laugardaginn 1. júní og verður þannig í allt sumar:

Opið alla daga frá kl. 09:00 - 22:00.

Nýr matseðill tekur gildi miðvikudaginn 5. júní. Bætum við fjölda rétta.

Útmarkaður við Dalakofann 15. júní.

Laugardaginn 15. júní frá kl. 13:00 – 17:00 verður öllum velkomið að koma
með afurðir sínar, hvort sem er handverk eða eitthvað annað.

Þeir sem vilja vera með söluborð láti vita í síðasta lagi
þriðjudaginn 11. júní og kostar ekkert söluborðið.

Verið ávallt velkomin!

Dalakofinn / Útibú ehf.
Laugum
S: 464 3344.

Námsleiðir - haustönn 2013

VILTU EFLA ÞIG Í STARFI?
VILTU SKAPA ÞÉR NÝ ATVINNUTÆKIFÆRI?

**Þekkingarnet Þingeyinga býður upp á fjölbreyttar
námsleiðir næsta haust. Kynntu þér endilega málið.**

Fagnámskeið I - fyrir starfsfólk í heilbrigðis- og félagsþjónustu

Námsleiðin er 61 kest. og má meta til allt að 5 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er
ætlað þeim sem eru eldri en 20 ára, hafa ekki lokið námi í framhaldsskóla og eru á
vinnumarkaði. Námið hefst í september 2013.

Fagnámskeið fyrir starfsfólk í leikskóla - staðarnám og fjarkennsla

Námsleiðin er 210 kest. og má meta til allt að 17 eininga á framhaldsskólastigi. Námið
er ætlað þeim sem eru eldri en 20 ára, hafa ekki lokið námi í framhaldsskóla og eru á
vinnumarkaði. Námið hefst í byrjun september 2013.

Skrifstofuskólinn

Námsleiðin eru 240 kest. og má meta til allt að 18 eininga á framhaldsskólastigi.
Námið er ætlað þeim sem eru eldri en 20 ára, og hafa stutta formlega skólagöngu.
Námið hefst í byrjun september 2013.

Meðferð matvæla - kennt á Þórshöfn og nágrenni

Námsleiðin er 60 kest. og má meta til allt að 5 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er
ætlað þeim sem eru eldri en 20 ára, hafa ekki lokið námi í framhaldsskóla og eru á
vinnumarkaði. Námið hefst í september 2013.

**Hægt er að skrá sig og fá allar frekari upplýsingar á
Þekkingarnetinu í síma 464-5100 eða hac@hac.is.**

Skráning er hafin



Þekkingarnet
Þingeyinga

**For all accidents and medical emergencies
Call 112**



Myvatn Health Center
SUMMER 2013



Health Center Helluhraun 17, Mývatnssveit, Tel: 464 0660

**Nurses consultation hours are
Monday and Thursday morning
From 8:30 - 10:00.**

Off hours Consult reservation tel. 464 0660

**Doctor: Monday afternoons and Thursday mornings
Consult reservations tel. 464 0501**

**Health Center at Húsavík
Tel: 464 0500**

Switchboard open daily 8 AM – 4 PM

For minor accidents and illnesses

Switchboard open daily 8 AM – 4 PM

At all other times: Doctor on duty. Tel: 898-6112

**For all accidents and medical emergencies
Call 112**



**LYFJA-PHARMACY IS OPEN:
MONDAY-FRIDAY 9-12 and 13-15.**

**HEILSUGÆSLUÞJÓNUSTA Í
MÝVATNSSVEIT SUMARIÐ 2013**



Sími 464 0500/464 0660
skiptiborð opið virka daga frá kl. 8:00 - 16:00.



Heilsugæslustöðin Helluhrauni 17, Mývatnssveit, sími 464 0660

Viðtalstímar:

Hjúkrunarfræðingur: Mánudaga og fimmtudaga kl. 8:30 - 10:00.

Aðrir tímar eftir samkomulagi,
upplýsingar og tímapantanir í síma 464 0660.

Læknir:

Mánudaga e.h. og fimmtudaga f.h.
tímapantanir í síma 464-0501

Símatímar, heilsugæslustöðinni á Húsavík – sími 464 0500

Vaktlæknir:

Á dagvinnutíma, virka daga kl 9:15 - 10:00 og 13:00 - 13:30.

Sími vaktlæknis utan dagvinnutíma: 898 6112.

Hjúkrunarfræðingur: (m.a. endurnýjun lyfja)
virka daga kl. 9:00 - 10:00.

**Slys og alvarleg veikindi þar sem bráðrar
þjónustu er þörf – hringið í 112**



**AFGREIÐSLA LYFJU
ER OPIN ALLA VIRKA DAGA MILLI
KLUKKAN 9:00 - 12:00 og 13:00 - 15:00.
VINSAMLEGA GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA.**